

**Nd.**

## **455. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá rikissjóður allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur  $\frac{1}{3}$  kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

### **2. gr.**

2. mgr. 7. gr. laganna hljóði svo:

Varalögreglumenn fá laun úr rikissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur. Lögreglumenn rikisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

### **3. gr.**

Á eftir 7. gr. laganna koma 4 nýjar greinar, sem verða 8.—11. gr., svo hljóðandi:

- a. (8. gr.). Er rikissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið bæjar samkvæmt 2. eða 6. gr. laga þessara, er lögreglulið þess bæjar, fast lið og varalið, skylt til að gegna löggæzlustörfum hvar á landinu sem er, ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, og ákveður hann þá, hver skuli stjórna liðinu, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á staðnum, sem liðið er flutt frá.

- b. (9. gr.). Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn.

Hann ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna.

- c. (10. gr.). Í sveitum landsins og kaupúnum, þar sem lögreglulið er ekki starfandi, getur ráðherra löggilt sérstaka menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi reglu á mannfundum og samkomum innan héraða. Heimilt er að efna til námskeiðs fyrir þessa menn.

- d. (11. gr.). Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

### **4. gr.**

8. gr. laganna, sem verður 12. gr., hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr rikissjóði allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

### **5. gr.**

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara inn í lög nr. 92 frá 19. júní 1933 og gefa þau svo út sem lög um lögreglumenn.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.